

Tapaz kvöld á Sel – Hótel Mývatni.

Laugardaginn 10. maí kl. 19:30 verður fjölrétt og spennandi Tapaz smárétt kvöldverður reiddur fram að hætti hússins;

Kaldir smáréttir.

Ratatouille grænmeti á timjan ristaðri kartöfluskífu.

Hráskinkuvafin daðla.

Nautapynnurúlla fyllt með krydduðum rjómaost.

Hvítvíns- og kryddsteikt risarækja á spjóti.

Köld gazpacho tómát- og grænmetissúpa.

Heitir/volgir smáréttir.

Risotto-grænmetiskróketta með hvítlauksmajónesi.

Suðrænt sjávarréttaspjót.

Piprað nautafillet á spjóti með bernaïse-majónesi.

Kúrbíts-eggaldins lasagne með hvítlauksostabrauði.

Hægeldað lambkjötssalat með trufflum og ruccola.

Grilluð hörðuskel á spjóti.

Eftirréttir.

Frönsk súkkulaðikaka með vanillukremi.

Suðrænt ávaxtaspjót.

Eplatart með karamellusósu.

Ananasfrómas með pekanhnetum.

Kaffi og te.

Guðni Braga og Hjalli Ingimars
spila undir borðhaldi og svo fram í nóttina.

Verð kr. 5.900,- pr. mann
og tilboð fyrir hópa.

Pantanir í síma 464 4164
og myvatn@myvatn.is



Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir

Sími: 464 4343, 866 0311

Netfang: myflugan@emax.is

15. tbl. 6. árg. miðvikudaginn 7. maí 2014

Afmælisbörn dagana 8. maí — 14. maí 2014

8. Bárður Jón Gunnarsson, Steingerður Jónsdóttir.
9. Kristín A. Sigurðardóttir Hammer, Sigrún Sverrisdóttir.
10. Helgi James Þórarinnsson.
11. Börkur Heikir Hjartarson, Fannar Rafn Gíslason.
11. Stefán Gunnarsson.
12. Jóhanna Sigríður Sverrisdóttir.
13. Hildur Ásta Þórhallsdóttir, Sigurbjörn Sörensson.
14. Bjarni Þór Gunnarsson, Karl Viðar Pálsson.

Vortónleikar Tónlistarskóla Mývatnssveitar.

Vortónleikar tónlistarskólans verða
miðvikudaginn 14. maí kl. 17:30.

Allir velkomnir.

Skólastjóri

Minum á aðalfund
Foreldrafélags skólanna í Mývatnssveit
í kvöld kl. 17:00 í Reykjahlíðarskóla.

Stjórnin.

Kæru sveitungar

7. - 11. maí fer ég um sveitina og sel SÁÁ álfinn til styrktar unga fólkinu.

Álfurinn kostar 2000,- kr. og verð ég með posa meðferðis.

Álfurinn mun fylgja mér þessa daga svo ykkur er óhætt að hnippa í mig þar sem til mín sést og næla ykkur í álf, hafa samband í síma 893 4389 eða koma við hjá mér í Bjök eða á Daddi's.



Með von um góðar móttökur, Þuríður Helgadóttir

Viljum minna á aðalfund

Slysavarnardeildarinnar Hrings

í kvöld, miðvikudaginn 7. maí kl. 20:00
í húsi félagsins að Múlavegi 2.

Venjuleg aðalfundarstörf.
Önnur mál.

Nýir félagar velkomnir.
Stjórnin.



Snyrtipinninn auglýsir

Opnunartíma í sauðburði

Opnunartíminn í sauðburði verður eftir samkomulagi.
Tímamantanir í síma **464 3200**, vinsamlega lesið inn á talhólfíð ef ég kemst ekki í símann og ég mun hafa samband.

Anna Geirlaug
Snyrtifræðingur



MÝVATN



Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

71. fundur

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 8. maí. 2014, kl 09:15.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning
2. Erindi frá Landsvirkjun vegna rannsóknarverkefnis á jarðhitakerfum.
3. Fulltrúi á aðalfund Tækifæris hf. 14. maí n.k.
4. Fulltrúi á aðalfund Baðfélags Mývatnssveitar hf. 12. maí n.k.
5. Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar dags. 7. maí.
6. Ljósleiðari.

Til kynningar:

Bréf Landsvirkjunar dags. 25. apríl.

Fundargerð stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga dags. 28. mars.

Mýflugan

Kæru lesendur og viðskiptavinir.

Mýflugan kemur út á miðvikudögum.

Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 14:00 á þriðjudögum.
Netfang: myflugan@emax.is eða í síma 464 4343/ 866 0311

Verðskrá:

- 1/3 síðu auglýsing 2.600 kr. m/vsk.
- 1/2 síðu auglýsing 3.700 kr. m/vsk.
- 1/1 síðu auglýsing 4.800 kr. m/vsk.

Kveðja, Hrafnhildur.

Fótsnyrting.

Birna Björnsdóttir fótaaðgerðarfræðingur kemur í sveitina 23. og 24. maí og mun Kvenfélagið bjóða heldriborgurum 67 ára og eldri í fótsnyrtingu hjá Birnu.

Áhugasamir skrái sig í síma 856 1189 hjá Hörpu eftir kl. 13:00 á miðvikudag og fimmtudag.

Stjórn Kvenfélagsins



Eurovision laugardaginn 10. maí.

Tilboð:

16" x 2 álegg + 12" ostabrauðstangir + 2L Gos = 3.300,- kr.
OG

það verður 15% afsláttur af pizzum(nema tilboðum)
og drykkjum frá kl. 18:00 - 21:00.

Að sjálfsgöðu verður útsendingin frá Danaveldi á skjánum,
dúndrandi tónlistin og fjör á staðnum.

Opið frá kl. 17:00 - 22:00.

Sími: 773-6060

Ps. MUNIÐ leikinn á fésbókinni.



Hjartamál og Hugardraumar.

Aðalfundur Hins þingeyska fornleifafélags verður haldinn í Menningarmiðstöð Þingeyinga á Húsavík þann 13. maí 2014 kl. 20:00.

Dagskrá er skv. samþykktum félagsins.

Að loknum aðalfundi um kl. 20:30 munu Halldór Valdimarsson og Baldur Danielsson, verkefnisstjórar hjá Urðarbrunni segja, í máli og myndum, frá tilurð og framvindu Örnefnaverkefnis Urðarbrunnis og Fornleifaskóla barnanna sem unnið er í samstarfi við Landmælingar Íslands og örnefnasvið Stofnunar Árna Magnússonar.

Allt áhugafólk er hjartanlega velkomið til að hlýða á erindið.
Kaffi á könnunni.

Stjórn Hins þingeyska fornleifafélags.